

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 55/95
frá 22. júní 1995

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-
samninginn⁽¹⁾.

Samkvæmt bókun 14 um stefnu í félagsmálum sem fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins
var samningur um stefnu í félagsmálum gerður milli aðildarríkja Evrópubandalagsins, að
undanskildu hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins um stefnu í félagsmálum samþykkti ráðið tilskipun
94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í
fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og
samráð við starfsmenn⁽²⁾, en gerðin gildir ekki gagnvart hinu sameinaða konungsríki Stóra-
Bretlands og Norður-Írlands samkvæmt 2. gr. bókunar 14.

Tilskipun ráðsins 94/45/EB skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64.

Eftirfarandi liður komi aftan við 26. lið (tilskipun ráðsins 92/56/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„27. 394 L 0045: Tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn. (Stjtið. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64).*)“.

„*) Tilskipun þessi gildir ekki um hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/45/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker